

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavíkurflugvelli, 19. júní 2020
2005016KA

Efni: Heildarendurskoðun á lögum um loftferðir

Vísað er til umsagnarbeiðni vegna áforma um heildarendurskoðun á lögum um loftferðir nr. 60/1998.

Samkvæmt því sem fram kemur í samráðsgáttinni er markmið heildarendurskoðunar einkum að tryggja flugstarfsemi skýra lagaumgjörð í samræmi við flugstefnu, stuðla að samkeppnishæfni flugstarfsemi hér á landi og að umgjörð eftirlits sem henni er búin sé í samræmi við þær reglur sem gilda innan EES. Þá sé jafnframt hugað að því að tryggja reglugerð (ESB) 2018/1139, afleiddum EES-gerðum á sviði flugöryggis og öðrum EES-gerðum fullnægjandi lagastoð og að skýrar heimildir séu fyrir hendi til setningar reglugerða á grundvelli laganna.

Þessi áform koma í framhaldi af því að hætt var við að halda áfram með drög að frumvarpi sem kynnt voru í samráðsgáttinni 20. janúar sl. Af því frumvarpi mátti ráða að verið var að endurskrifa að stórum hluta stofngerð Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA), reglugerð nr. 2018/1139 í lagatexta loftferðalaga.

Í umsögn félagsins var þessi aðferðarfræði gagnrýnd og bent á að hún samræmdist ekki íslenskri lagasetningarhefð. Það er mat félagsins að óheppilegt sé að endurskrifa efnisákvæði Evrópugerða í íslenskan lagatexta eins og gert var í frumvarpinu. Þetta á sérstaklega við í tilviki reglugerða ESB, sem innleiða ber orðrétt á grundvelli EES samningsins, hafi ekki verið samið um annað á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar. Það sem helst mælir á móti þessu að mati félagsins er:

Í fyrsta lagi er þetta óþarf, þar sem reglugerðin og aðrar breytingar sem ætlað er að innleiða með frumvarpinu verða innleiddar ýmist orðréttar í reglugerð eða með sérstakri innleiðingareglugerð.

Í öðru lagi er stöðug þróun á EES gerðum og sífellt verið að breyta og bæta og þá kallað það á breytingar á lögum með sömu efnisákvæðum.

Í þriðja lagi er mikil hætta á að misræmi verði á milli texta laganna og gerðarinnar sem getur leitt til misræmis í túlkun og beitingu sem er óheppilegt.

Þannig orki það tvímælis að verið sé að innleiða tiltekna reglugerð og samtímis lögsetja efnisákvæði sem eiga að vera í fullu samræmi við það sem í reglugerðinni segir, en eru það ekki fullkomlega. Með þessu er að óþörfu verið að belgja út lagatexta sama efnis og gerð sem er innleidd orðrétt. Einfaldara væri þá að innleiða reglugerðina sem lög.

Ekki verður annað séð en að verið sé að halda áfram á þessari braut og stefnt sé að útgáfu þýskrar lögbókar um loftferðir þar sem texti breytingafrumvarpsins hafi verið rúmlega 60 bls. Að öðru leyti varðandi þetta, vísar félagið til athugasemda sem það sendi inn vegna breytingafrumvarpsins.



Heildarendurskoðun laga um loftferðir sem varða sérhæfð svið flugréttarins á ekki að vera einkamál ráðuneytisins sem skrifað er í einhverju skúmaskoti þess. Það varðar stóran hóp sem starfar á sviði flugmála og varðar víðtæka hagsmuni hans. Félagið telur óásættanlegat að pukrast sé með þessi mál og að ekki sé kallaður að málinu stærri hópur til að vinna að endurskoðuninni. Það eykur líkur á því að meiri sátt verði um frumvarpið og efni þess.

Félagið leggur til að skipaður verði starfshópur á vegum ráðuneytisins með fulltrúum hagsmunaaðila sem falið verði endurskoðun laganna.

Virðingarfyllst,
Isavia ohf.
f.h. Karls Alvarssonar yfirlögfræðings.

Sóleyg Eiríksdóttir
Sóleyg Eiríksdóttir, aðstoðarmaður lögfræðinga